

Umhverfisstofnun
Áb. <u>SI ABG ABB GSA</u>
03. okt. 2014
<u>8.12.1</u>
Tilv. <u>05720140300084</u>



Umhverfisstofnun
Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2014
Tilvísun: 201409040/,

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu að starfsleyfi fyrir ÍS 47 ehf

Umhverfisstofnun hefur sent Skipulagsstofnun beiðni um umsögn vegna tillögu að starfsleyfi fyrir ÍS47 ehf. dags 12. september, 2014, *Tillaga að starfsleyfi, framleiðsla á þorski og regnbogasilungi, ÍS 47 ehf. Önundarfirði.*

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukins fiskeldis ÍS47 í Önundarfirði dags. 30. janúar 2014, var tekin afstaða til tilkynningar ÍS47 þar sem gert var ráð fyrir þremur eldissvæðum við sunnanverðan Önundarfjörð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að ekki væri um matsskylda framkvæmd að ræða. Hins vegar kom eftirfarandi fram ákvörðun Skipulagsstofnunar:

„Skipulagsstofnun vekur einnig athygli á því að komi til breytinga á þeirri starfsemi sem kynnt hefur verið í gögnum ÍS 47 ehf., til dæmis staðsetningu eldissvæðis, þarf að tilkynna þær breytingar til Skipulagsstofnunar á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og hljóta þær málsmæðferð skv. 6. gr. laganna.“

Í tillögu að starfsleyfi er gert ráð fyrir tveimur eldissvæðum við sunnanverðan Önundarfjörð og einu við norðanverðan fjörðinn. Verði þetta endanleg staðsetning eldissvæða er um að ræða breytingu á framkvæmd sem tilkynna þarf til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu áður en starfleyfi verður veitt.

Valur Klemensson